

Minjasafn
Austurlands bs.

Ársreikningur 2019

Minjasafn Austurlands bs.
Laufskógum 1
700 Egilsstaðir

Kt. 630181-0119

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er byggðasamlag þriggja sveitarfélaga, Fljótsdalshéraðs kt. 481004-3220, Fljótsdalshrepps kt. 550169-5339 og Borgarfjarðarhrepps kt. 480169-6549.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð á árinu 2019 að fjárhæð 11,9 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 70,9 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Minjasafns Austurlands bs. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 6. maí 2020

Stjórn:

Asdis Helga Bjarnadóttir
Sigrún Steindal

Kristjana Björnsdóttir
Þórdís Svinsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Minjasafns Austurlands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Minjasafns Austurlands bs. („samlagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samlagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samlagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samlagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samlagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samlagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samlagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 6. maí 2020

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr	2019	2018	Áætlun 2019		
Rekstrartekjur:						
Framlög sveitarfélaga	2	28.048.533	26.041.818	25.500.000		
Önnur rekstrarframlög	2	3.723.532	3.296.275	1.000.000		
Aðrar tekjur	2	1.836.201	1.285.821	1.100.000		
		<u>33.608.266</u>	<u>30.623.914</u>	<u>27.600.000</u>		
Rekstrargjöld:						
Vörunotkun		68.939	86.731	80.000		
Laun og launatengd gjöld	3	22.500.991	18.633.610	20.000.000		
Annar rekstrarkostnaður		19.964.177	19.750.798	17.295.668		
Stjórnunarkostnaður		2.967.114	3.104.054	2.155.500		
		<u>45.501.221</u>	<u>41.575.193</u>	<u>39.531.168</u>		
Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	(11.892.955)	(10.951.279)	(11.931.168)
Hreinar fjármunatekjur	4	<u>8.688</u>	<u>14.705</u>	<u>20.000</u>		
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	6	(<u>11.884.267</u>)	(<u>10.936.574</u>)	(<u>11.911.168</u>)		

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr	2019	2018
Fastafjármunir:			
Fyrirframgreidd leiga	5	59.556.199	71.467.438
	Fastafjármunir	<u>59.556.199</u>	<u>71.467.438</u>
Veltufjármunir:			
Vörubirgðir	1d	198.273	198.273
Næsta árs afborganir fyrirframgreiddrar leigu	5	11.911.239	11.911.239
Aðrar skammtímakröfur		3.386.469	239.631
Handbært fé.....	1e	955.529	2.207.056
	Veltufjármunir	<u>16.451.510</u>	<u>14.556.199</u>
Eignir samtals		<u><u>76.007.709</u></u>	<u><u>86.023.637</u></u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:

Eiginfjárreikningur	6	<u>70.878.109</u>	<u>82.762.376</u>
---------------------------	---	-------------------	-------------------

Skuldbindingar:

Aðrar skuldbindingar	7	<u>923.124</u>	<u>922.179</u>
		<u>923.124</u>	<u>922.179</u>

Skammtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir		952.502	0
Viðskiptaskuldir		348.421	506.259
Fyrirframinnheimtar tekjur	1f	536.488	190.020
Aðrar skammtímaskuldir		2.369.065	1.642.803
		<u>4.206.476</u>	<u>2.339.082</u>
Skuldir samtals		<u>5.129.600</u>	<u>3.261.261</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>76.007.709</u></u>	<u><u>86.023.637</u></u>
------------------------------------	--	--------------------------	--------------------------

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	6 (11.884.267)	(10.936.574)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Aðrar skuldbindingar, breyting		945	(785)
Veltufé til rekstrar	(11.883.322)	(10.937.359)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreidd leiga, breyting.....		11.911.239	11.911.239
Birgðir, lækkun.....		0	5.143
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun.....	(3.146.838)	611.995
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		568.424	(3.909.937)
Fyrirframinnheimtar tekjur, hækkun (lækkun).....		346.468	(596.275)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		9.679.293	8.022.165
Handbært fé til rekstrar	(2.204.029)	(2.915.194)
Fjármögnunarhreyfingar:			
Skammtímaskuldir við lánastofnanir, hækkun.....		952.502	0
Fjármögnunarhreyfingar		952.502	0
Lækkun á handbæru fé	(1.251.527)	(2.915.194)
Handbært fé í ársbyrjun		2.207.056	5.122.250
Handbært fé í árslok		955.529	2.207.056

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarsveitarfélaga samlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda myndast.

d. Birgðir

Vörubirgðir í árlök eru metnar á síðasta innkaupsverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

e. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

f. Tryggingaverðmæti lausafjármuna

Tryggingaverðmæti lausafjármuna byggðasamlagsins nam 2,1 millj. kr. í árslok 2019.

g. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Rekstartekjur

Rekstartekjur greinast þannig:	2019	2018	Áætlun
Rekstrarframlag sveitarfélaga:			
Fljótsdalshérað	23.996.652	22.400.004	23.832.036
Fljótsdalshérað, aukaframlag	2.398.285	1.928.889	0
Fljótsdalshreppur	815.184	792.000	842.632
Fljótsdalshreppur, aukaframlag	81.472	70.933	0
Borgarfjarðarhreppur	688.164	775.740	825.332
Borgarfjarðarhreppur, aukaframlag	68.776	74.252	0
	<u>28.048.533</u>	<u>26.041.818</u>	<u>25.500.000</u>
Önnur rekstrarframlög:			
Styrkir til sérverkefna	1.723.532	996.275	0
Ríkisframlög	2.000.000	2.300.000	1.000.000
	<u>3.723.532</u>	<u>3.296.275</u>	<u>1.000.000</u>
Aðrar tekjur:			
Aðgangseyrir	1.660.701	1.285.821	1.100.000
Aðrar tekjur	175.500	0	0
	<u>1.836.201</u>	<u>1.285.821</u>	<u>1.100.000</u>

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2019	2018	Áætlun
Laun	17.914.415	14.682.935	20.000.000
Stjórnarlaun	100.000	92.000	0
Tryggingagjald	1.368.263	1.152.911	0
Lífeyrissjóður	2.569.888	1.995.158	0
Framlög v/uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissj.	0	194.815	0
Stéttarfélagsgjöld	539.227	457.479	0
Áfallið orlof, breyting	9.198	58.312	0
	<u>22.500.991</u>	<u>18.633.610</u>	<u>20.000.000</u>

Í árslok störfuðu 3 starfsmenn hjá safninu.

Laun og launatengd gjöld stjórnar og framkvæmdastjóra námu 9,3 millj. kr. á árinu 2019 (2018: 7,9 millj. kr.).

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2019	2018	Áætlun
Vaxtatekjur	14.572	23.492	30.000
Vaxtagjöld	(5.884)	(8.787)	(10.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>8.688</u>	<u>14.705</u>	<u>20.000</u>

5. Fyrirframgreidd leiga

Breytingar á fyrirframgreiddri leigu greinast þannig:

Fyrirframgreidd leiga	71.467.438
Næsta árs afborgun	(11.911.239)
	<u>59.556.199</u>

Afborganir af langtímakröfum greinast þannig á næstu ár:

Árið 2020	11.911.239
Árið 2021	11.911.239
Árið 2022	11.911.239
Árið 2023	11.911.239
Árið 2024	11.911.239
Síðar	11.911.243
	<u>71.467.438</u>

Fyrirframgreidd leiga er vegna fasteignarinnar Laufskógum 1 (Safnahúsið á Egilsstöðum).

Skýringar, frh.:

6. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé

Eigið fé 1.1.2019	82.762.376
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	(11.884.267)
Eigið fé 31.12.2019	<u>70.878.109</u>

7. Skuldbindingar

Á byggðasamlaginu hvílir skuldbinding vegna sjóða sem eru í vörslu þess. Staða sjóðanna í árslok 2019 greinist þannig:

Hauksbókarsjóður	55.176
Byggingasjóður safnahúss	867.948
	<u>923.124</u>

8. Atburðir eftir uppgjörsdag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim, þar með talið efnahagsleg. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins s.s. vegna óvissu um hve lengi hann mun vara og hver áhrifin munu verða eftir að honum lýkur.

Það er mat stjórnenda að faraldurinn muni að óbreyttu ekki hafa áhrif á tekjur safnsins til skemmri tíma lítið en erfitt er að leggja mat á áhrif til lengri tíma í ljósi framangreindrar óvissu. Stjórnendur meta þó að greiðsluhæfi safnsins sé ekki enn skert.

Sundurliðanir

	2019	2018	Fjárhagsáætlun 2019
Annar rekstrarkostnaður:			
Húsaleiga v/Laufskóga 1	11.911.239	11.911.239	11.911.239
Kjarvalshvammur	2.175.208	1.009.980	0
Rekstrarfélag Laufskóga 1	1.876.056	2.011.064	1.930.000
Húsaleiga	1.311.708	1.270.282	1.380.000
Framlag til ljósmyndasafns	916.428	600.000	916.429
Kostnaður vegna dagskrár	314.196	533.823	88.000
Annar kostnaður	309.528	293.308	360.000
Sarpur	300.736	241.980	150.000
Áhöld og innréttingar	276.085	489.522	90.000
Safnafræðsla	149.066	400.000	0
Heimasíða	108.902	108.902	110.000
Ökutækjastyrkur vegna aksturs	102.428	62.542	100.000
Sérfræðiaðstoð	98.787	56.400	0
Námskeið og fagrit	52.000	29.000	80.000
Vátryggingar safngripa og áhalda	32.986	(19.673)	80.000
Forvarsla gripa	15.236	707.252	50.000
Kostnaður vegna verkefna	13.588	45.177	0
Aðkeypt vinna	0	0	50.000
	<u>19.964.177</u>	<u>19.750.798</u>	<u>17.295.668</u>
Stjórnunarkostnaður:			
Auglýsingar	905.486	892.995	510.500
Tölvukostnaður	580.993	553.295	480.000
Endurskoðun og reikningsskil	520.312	508.844	450.000
Ferða og fundakostnaður	422.847	413.925	190.000
Bókhaldsþjónusta	291.180	304.500	300.000
Póstur og sími	157.736	329.917	115.000
Pappír, prentun og ritföng	88.560	100.578	110.000
	<u>2.967.114</u>	<u>3.104.054</u>	<u>2.155.500</u>